

Ed.

626. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og kom fram við 1. umr. um frv. þetta í Ed. er Sjálfstæðisflokkurinn út af fyrir sig fylgjandi því, að nákvæm athugun fari fram á því, hvort ekki væri æskilegt að auka verðgildi krónunnar. Nægir í því sambandi að benda á tillöguflutning þar að lútandi, sem þm. Sjálfstæðisflokksins hafa ýmist verið flm. að eða stutt.

Í sambandi við þessi mál hefur ávallt verið lögð rík áhersla á það af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að til þess að hagstæður árangur náist af væntanlegri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins þurfi að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt, eða þá að í sambandi við slíka breytingu yrðu gerðar ráðstafanir í meðferð efnahagsmála, sem tryggðu að jákvæður árangur af gjaldeyrishreytingunni næðist.

Öllum er ljóst, að sjaldan eða aldrei hefur ríkt meiri óvissa og óstöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar en einmitt nú. Er því alveg óhætt að staðhæfa að eins og efnahagsmálum þjóðarinnar er nú háttáð eru allar aðstæður mjög óhagstæðar, að meira sé ekki sagt, til þess að stíga jafnörlagaríkt skref og frv. það, er hér ræðir um, felur í sér. Við teljum því mjög hæpið að ákvörðun nú um jafnþýðingarmikið málefni og breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tímabær og treystum okkur því ekki að mæla með samþykkt frv. að svo komnu máli.

En með hliðsjón af því, að fyrirhuguð breyting á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1981 í stað 1. jan. 1980, eins og tilgreint er í frv., mun minni hl. ekki snúast gegn samþykkt frv. og munum við sitja hjá við afgreiðslu þess.

Eyjólfur Konráð Jónsson telur eðlilegt, að nafni gjaldmiðilsins verði breytt, ef til breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins kemur, og mun hann því flytja sérstaka breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 8. maí 1979.

Jón G. Sólnes,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.